



Til: gaukur@northurthing.is
Efni: Fw: Skipulags- og matslýsing vegna breytinga aðalskipulags og gerðar nýs deiliskipulags fyrir Röndinni á Kópaskeri
Upplýsingar: Sent: 07.11.2017 13:34:55 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017080025, Bréfalyklar: 42-2 um matsskýrslur/matsáætlanir

Tilvísun í mál: 2017080025

Vísað er til bréfs frá Norðurþingi, dags. 29. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags vegna fiskeldis á Röndinni Kópaskeri. Svæðið sem um ræðir er athafnasvæði í gildandi aðalskipulagi en fyrirhugað er að breyta því í iðnaðarsvæði. Beðist er velvirðingar á því að gleymst hefur að svara þessu erindi fyrir en nú.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu og telur að í henni komi fram þeir þættir sem snúa að náttúruferli og þörf er á að skoða við gerð skipulagsins. Einnig kemur vel fram í lýsingunni að taka þarf tillit til verndargildis svæðisins og að það er á náttúruvinnjaskrá. Það er hins vega einnig ljóst að ekki hefur nýlega verið gerð náttúruverndarsúttekt á svæðinu og deiliskipulag liggur ekki fyrir og því ekki hægt að segja til um hvort líklegt sé að fyrirhugað fiskeldi komi til með að rýra náttúruverndargildi svæðisins eða ekki. Einnig kemur fram að framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki sérstaka athugasemd við skipulags- og matslýsingu sem slíka en leggur áherslu á að við frekari vinnslu á verkefninu þá verð leitað allra leiða til að vernda þau náttúruverðmæti sem eru á svæðinu.

Náttúrufræðistofn vill benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruvinnja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni/umhverfismatinu verði skoðað hvernig væntanlegt skipulag samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í skipulaginu í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., en þar er komið inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun. Þar sem svæðið er á náttúruvinnjaskrá vegna jarðminja, m.a. minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins, ber sérstaklega að líta til 3. gr. framangreindra laga.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni/umhverfismatinu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruferli og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Meðfylgjandi eru nokkrar upplýsingar/heimildir sem geta nýst í vinnu við framangreint skipulag:



Jóhannes Áskelsson 1938 Náttúrufræðingurinn.pdf



HGP-1979-4arsRitg-kafla-Röndin.pdf



legend.jpg



röndin.jpg



HGP-1991-Glac-history-west-Melrakkaslétta.pdf



Röndin við Kópasker.docx



Upplýsingaskilti um Röndina.pdf

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Skipulags- og matslýsing vegna breytinga aðalskipulags og gerðar nýs deiliskipulags fyrir fiskeldi á Röndinni á Kópaskeri

Málsnúmer: 2017080025

Númer skjals:

Skráð: 31. ágúst 2017

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Norðurþing / Húsavík

Nafn: Gaukur Hjartarson

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Skipulags- og matslýsing vegna breytinga aðalskipulags og gerðar nýs deiliskipulags fyrir fiskeldi á Röndinni á Kópaskeri

Viðhengi:

[attachment "20170831115246332.tif" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]